

MARÍA VÍÐIS JÓNSDÓTTIR:

Dav.sálmur 126.

Vikurnar eftir páskana nefnir kirkjan gleðidaga.

Yfirskrift þeirra mætti gjarnan vera orðin úr 126.. sálmi Davíðs: "Þeir, sem sá með sárum, munu uppskera með gleðisöng". Sálmurinn er raunar

ortur löngu áður en þeir atburðir skeðu, sem framkölluðu tár föstudagsins langa og gleðisöng páskanna. Sálmurinn er fagnaðarljóð, sem bregður upp myndum frá reynslu þjóðar, sem átti sér bæði sárar og sælar minningar, og fagnaðarríka von. Höfundurinn minnir á, að drottinn hafi gjört svo

mikið fyrir þjóðina, að jafnvel óvinir hennar gátu ekki annað en dást að. Og sjálfri fannst henni veruleikinn vera líkastur draumi. Minningin um það, hvernig Guð hafði snúið sorg í gleði, - vakti á vörum manna bæn um samskonar velgerna og blessun á komandi tíð. Eins og skaparinn lét þurra lækjarfarvegi fyllast lifandi vatni, þannig myndi hann einnig snúa gráti sáningatímanna í gleði uppskerunnar. Þjáðir af hungri og skorti sáðu þeir fræi í akurinn, - en með gleðisöng bera þeir kornbindin heim. "Þeir, sem sá með tárur, munu uppskera með gleðisöng".

Vorljóð fagnaðar og gleði fylgja páskunum enn í dag. Þeir snúa þínu og dauða frelsarans í upprisuhátíð hins eilífa lífs. Við þá er hvarvetna tengd hin

heilaga þakkargjörð fyrir endurnýjun lífsins, fyrir gróður jarðar, fyrir liljur og egg, fyrir guðs-ríkis sigur yfir grimmd og vonzku, fyrir kærleika krossins, sem er sterkari en hel. og fyrir það, að þeir, sem sá með tárur, munu uppskera með gleðisöng.

Bráðum er hálf öld frá því að 36 ára gömul ekkja sat hér í þessari kirkju ásamt vinum sínum - með sorg í huga. Hú er þá að kveðja sinn nánasta vin. En þeir, sem þekktu hana bezt, hafa sagt mér, að allt frá þeim tíma hafi söknuður ástvinarmissisins snúist upp í tilhlökkun og von um það, að hún sem sáði með tárur, myndi á sínum tíma uppskera með gleðisöng. Þetta var María Víðis Jónsdóttir. Eitt sinn hafði góður guð sáð ástinni í hjörtu hennar og mannsins hennar, Þorvaldar Bjarnasonar, og þeim kærleika fylgdi sorgin, er dauða hans bar að garði. Þeir, sem elska, eiga alltaf á hættu að þurfa að syrgja. En trú hennar var sú, að með þeim kærleika væri sáð til þeirrar uppskeru, sem hefði í för með sér gleðisönginn eilífa í upprisu og ódauðleika. Nú er það María sjálf, sem vér erum að kveðja. Því að nú er sú stund upp runnin, sem hún hafði árum saman hlakkað til. Og vér vonum, að henni verði af trú sinni. "Þeir sem sá með tárur, munu uppskera með gleðisöng".

En á hverju byggði Maía þessa bjartsýnu von? Hún gat ekki byggt hana einvörðungu á þeirri skoðun sinni, að líf væri til eftir dauðann, heldur á því, að sá guð, sem opinberaði kærleika sinn og

Eftir dauða móður sinnar fór María til Jóns Víðis bróður síns og sá um heimili hans, unz hann lézt. Þá var hún með Auði systur sinni um hrið, en síðustu árin hjá Þóru dóttur sinni og manni hennar Má Nikulássyni. Naut hún þar ástúðar og umhyggju, sem gerði henni ævikvöldið hlýtt og bjart.

og kraft í upprisu Jesú Krists, héldi áfram að gera mikla hluti við börn sín, mennina. Trúin um endurfundi annars heims er studd þeirri fullvissu, að Jesú Kristur sé drottinn lífsins og gleði endurfundanna er tengd trúnni á endurfundi hans og lærisveinanna um og eftir hina fyrstu páska. Þegar vér höfum allt þetta í huga, þá erum vér hingað komin, fyrst og fremst til að fagna, til að samfagna henni, sem fengið hefir bæn sína heyrða.

María Víðis Jónsdóttir er fædd 14. des. 1895 að Þverá í Laxárdal. Foreldrar hennar voru Jón bóndi Jónsson og kona hans Halldóra Sigurðardóttir. María var ein af fimm börnum þeirra. Hún var ung, er foreldrar hennar fluttu búferlum hingað suður, en andi heimilisins var mótaður af þeirri alþýðumeningu, sem átti rætur sínar í bókmenntum og félagslegum hugsjónum. María leitaði sér mennta í Flensborgarskólanum og svalaði útþrá sinni með nokkurri dvöl í Kaupmannahöfn. Árið 1922 giftist hún Þorvaldi Bjarnasyni og settu þau á stofn bóka-verzlun hér í Hafnarfirði. Nú á dögum er mikið um það rætt, að konur eigi ekki að einangra sig við bú og börn á heimilum sínum. Í kappi umræðunnar vill það stundum gleymast, að þó að íslenzkar konur hafi full lítið fengist við stjórnmal lands og sveitar, hafa alltaf verið til félög, sem borin voru uppi af konum og komu fram merkilegum menningarmálum. Og of lítið er að jafnaði gert úr þátttöku konunnar á líðinni tíð í atvinnumálum. Það má ekki

blekkja oss, að bjargræðistörf karlanna voru áður fyrr að mestu tengd heimilinum, jafnvel útgerðin. En Maía Víðisvar að því leyti fulltrúi hinnar nýju aldar, að hún vann að verzlun og félagsmálum ásamt heimilisstörfum og umsjá margra barna. Hún var á sínum tíma í kirkjukór Hafnarfjarðarkirkju. Hún starfaði í sjálfstæðiskvennafélaginu "Vorboðanum" og hún stofnaði verzlunina "Víði" heimilinu til stuðnings. Ekki veit ég, hvernig framtíðin kann að meta störf þeirrar tímamóta-kýnslóðar, sem Maía Víðis heyrði til. En ég vona, að það muni jafnan metið að verðleikum að hafa alið upp fimm börn, komið þeim til þroska og síðan haldið áfram að vera vinur og leiðbeinandi næstu kynslóðar. Þeim frægjum, sem hún sáði í hjörtu litlu barnanna, var ekki sáð með tárur, heldur með gleðisöng og þeir, sem nutu gæzku hennar munu uppskera með gleðisöng. Sjálfri er henni þannig lýst, að hún hafði verið glaðlynd og söngvin, undi því vel að hafa fjör í kringum sig, bauð til sín ættmennum og afkomendum. Lítil börn löðuðust að henni sökum þess, að í þeirra hóp varð hin þroskaða móðir og amma sjálf að barni, sem gleðst með þeim af hinni sömu hispurslausu einlægni sem hún átti sjálf. Hópurinn, sem samgleðst henni í dag og þakkar henni samveru liðinna ára og áratuga, er stór, þegar allir eru meðtaldir, ungir og gamlir. Sumir þeirra eru langt fjarri, svo sem Maía dóttir hennar, maður hennar og börn vestan hafs. Ennfremur systir hennar Sigríður Víðis og Jóhann Skaptason,

frv. bæjarfógeti á Húsavík. Og loks Þórunn Bjarna-dóttir, mágkona hennar í Keflavík, sem ekki treysti sér að vera hér með oss. Allt þetta fólk og raunar margir fleiri, senda henni í dag hinar hlýustu kveðjur og þökk. Í þeim hóp er ekki sízt hugsað til barnabarna, sem dvelja í Svíþjóð. Þeirra þakklæti nær til ömmu í formi góðra hugsana og bæna. En þér allir viðstaddir ástvinir samgleðjist hvert öðru yfir því að hafa notið ástúðar hennar og samgleðjist henni vegna þess að bæn hennar um vistaskiftin hefir verið heyrð. Og ykkur þakka ég hennar vegna, öllum í einum hóp.

"Þeir, sem sá með tárur, munu uppskera með gleðisöng". Ég gat þess áðan, að dgarnir eftir páskana hefðu stundum verið taldir sérstakir gleðidagar, en oft er einnig talað um eftirvæntingardaga vegna þess, að vér væntum návistar hins heilaga, himneska anda með hvítasunnunni. Allt líf kristinna manna á að vera eftirvænting þeirrar gleði, að fá að uppskera með gleðisöng ávöxt þess, sem sáð var til í baráttu jarðlífsins, stundum með tárur. Og einn þáttur kristinnar eftirvæntingar er vonin um það, að þér, sem í dag finnið til sársauka saknaðarins munið í upprisunni fá að taka þátt í gleðisöngnum með henni, sem svo oft veitti fögnuði inn í líf yðar, henni sem gladdist og gleðst í trúnni á hann, sem veitir hina eilífu og ævarandi gleði. Þeir, sem sá með tárur, munu uppskera með gleðisöng. Amen.